

[16 maí 2014]

MEIRA UM
BÍTLANNA.

KVIKMYNDIN “ LET IT BE “



The Beatles. Mynd: Tíminn 12 ágúst 1970.



John Lennon -

fæddist 9. október árið 1940 (d. 8 desember 1980) í Liverpool í Englandi. Foreldrar hans slitu samvistum er hann var kornungur og ólst hann af þeim sökum upp hjá frænku sinni. Hann hefur alla tíð verið sár úti foreldra sína finnst þau hafa svikið sig eins og fram kemur í lagi hans Mother.



Paul McCartney -

fæddist 18. júní árið 1942 í Liverpool. Hann á bróður að nafni Mike McGear sem var á sínum tíma þekktur sem meðlimur í hljómsveitinni Scaffold.



Ringo Starr -

eða Richard Starkey eins og hann heitir í raun og veru fæddist 7. júlí árið 1940 í Liverpool. Áður en hann gerðist trommari, vann hann sem sendisveinn hjá Breska járnbrautafélaginu og barþjónn á leiðinni Liverpool Norður-Wales.



George Harrison -

fæddist 25. febrúar 1943 (d. 29 nóvember 2001) í Liverpool. Hann kynntist Paul í gagnfræðaskóla og lék með honum og John í ýmsum rokkhljómsveitum uppúr 1956, en starfaði einnig um tíma í rafíðnaði.

" Le It Be "

Bíómyndin " Le It Be " var gerð 1969 og fjallar í grunnin um hljómsveit sem er á vissan hátt óstarfhæf vegna ósamlyndis meðlima. Þetta ósamlyndi kemur víða fram í kvikmyndinni sem gerir hana sumpart áhugaverða einkum í því ljósi að meðlimir sýna áhofendum fram á að vera bara venjulegt fólk. Þarna má heyrja rifrildi manna sem eru ekki sammála um neitt að því er virðist og allt meira og minna stopp af þess völdum. Venjulegt fólk þarf að glíma við allskonar í lífinu og rífst stundum. Engin, hvar í stétt sem er, sleppur við þetta og ekkert fær breytt þeirri staðreynd að svona bara sé lífið. Hve margir hafa ekki þurft að glíma við áþekkar aðstæður í eigin lífi og við horfum upp á í annars merkilegri kvikmynd og í kjölfarið upplifað breytingar á eigin hag og að menn jafnvel gangi sitt í hvora áttina og aðskildir til frambúðar? Dapurlegt en gerist og er sannleikur í mörgum tilvikum. Kannski of mörgum.

Eins og flestir vita að þá fjallar kvikmyndin Le It Be um vinnu og verk The Beatles sem 1969 hafa gersamlega lagt heiminn að fótum sér með hundruð milljóna aðdáendaskara sem vilja vita allt um þessa menn og þreytast ekki á að afla sér allra upplýsinga sem mögulegt er að gera. Bíómyndin leyfir okkur, aðdáendum, að skyggjast svolítið á bak við tjöldin og sýnir okkur líka vel hvernig ein hljómsveit, rokkhljómsveit, í raun og veru hættir. Let It Be er því stórvirki. Heilmikið hugrekki þarf til að vilja opinbera veikleika sína eins og sumpart er gert í þessari kvikmynd og vera undir smásjá myndavélaaugans sem sýnir allt sem fyrir þetta auga ber. Munum að vel var hægt að taka ákvörðun um að eyða þessu efni en var ekki gert og bendir til heiðarleika aðilanna sem að stóðu. Öllum má ljóst vera sem horfa á að neistinn sem einkenndi starf The Beatles á til að mynda upphafsárunum og á fyrstu fjórum plötum sveitarinnar þar sem spilamennskan og leikgleðin einkennir hvern tón að allt þetta er horfið og vikið fyrir setningum á borð við: " Hvort ég verði að mæta? Hvort að verði að taka þetta aftur upp " - og öðrum álíka.



Ringo Starr í hlutverki Frank Zappa í myndinni „200 Motels“.

Tíminn 8 október 1978.

Í Le It Be sjáum við sæng sem á vissan hátt er uppreidd. Engum blöðum er lengur um að fletta að þessi bíómynd sé í raun og veru um endalok merkilegustu hljómsveitar sem heimurinn fyrr og síðar hefur alið og líka gladdi í þessi sjö ár sem tími hennar í starfi og inn í þessu mikla og skæra sviðsljósi varði.

Hvernig sem menn horfa á málið er ljóst að þrátt fyrir.... bera tónsmíðarnar frá þessum tíma engin merki þess að vera lakar né heldur þreyttar. Þvert á móti má finna þarna gersemar sem enn ylja mönnum um hjartarætur. Samanber lögin "Get Back" "The Long And Winding Road" "Le It Be" "Don't Let My Down" "Across The Universe" og fleiri meistaraverk sem urðu til um þetta leiti í smíðju The Beatles. Tónleikarnir á þakinu sem fræg urðu og menn muna eftir gerist um svipað leiti var einstakur atburður sem nokkrir hafa leikið á eftir þeim. U2 héldu tónleika upp á þaki höfuðstöðva BBC árið 2009. Ýmsir aðrir hafa líka gert þetta. Munurinn á hinum og Bítlanum er að hinir gerðu sitt með leyfi yfirvalda en Bítlarnir ekki sem að endingu sendi lögreglu upp á þakið til þeirra sem bað þá um að lækka í græjunum. Alvarlegra en það var málið nú ekki. Enda Bítlarnir. Talsvert af fólki var á götunni fyrir neðan og líklega truflun á umferð. Haft er eftir Ringo Starr eftir atburðinn á þakinu að hann hafi átt þá ósk heitasta að vera handtekin af lögreglu sem rífi hann burt af trommunum og væri gott innlegg í myndina sem þá var verið að taka upp en varð ekki að ósk sinni.

2003 réðst Paul McCartney í að endurútgefa LP plötuna og skírði "Let It Be - Naked." Þar sleppir hann nokkrum lögum sem tilheyrðu fyrri útgáfu og bætir öðrum inn í. Var að eigin sögn aldrei fullkomlega sáttur við hana. Og verður maður að taka undir það með honum að þessi sé öflugri. Við hlustun LP hljómplötunnar Le It Be sjáum við að tónsmíðunum hrakar ekki þótt ósætti sé í hópnum. Yfirburðir Bítlanna sem lagahöfunda og flutning eigin tónlistar er enn til staðar. Það sem hins vegar er horfið og kvikmyndin flytur áhorfendum svo vel er leikgleðin og ánægjan af að gera það sem þeir gera. "Þarf ég" - og svo framvegis.




Tíminn 8 október 1978.

Í apríl 1970 staðfesti Paul McCartney þetta og við sjáum eftir á og eftir að hafa séð myndina að var rökrétt framhald. Bíómyndin Le It Be er greinilegur vegvísir að því sem koma skal í málinu.

Að allt þetta ergelsi skuli koma fram í kvikmyndinni gerir hana fyrir vikið merkilegri og að betri heimild en ella væri þó hún í upphafi og að margra álitum hafi ekki þótt neitt sérstök. Skapandi fólk þarf næði og frjóan jarðveg til að skapa í. Mannlega skoðað var ákvörðun Paul McCartney rétt. Hann hjó á hnút sem hinir vissu orðið að væri óhjákvæmilegt að gerðist. Þó við, aðdáendurnir, hefðum vilja hafa þá áfram. Um það er ekki spurt. Og svo sem ekki hægt.

Eins og áður segir var *Let It Be* gerð 1969 og frumsýnd um vorið 1970. Samnefnd LP hljómplata kom og út um svipað leiti. Hvorugt fékk neitt sérlega góða dóma. En slíkt gerðist oft með verk Bítlanna og má þar nefna sjálfst meistaraverkið *Sgt. Peppers...* 1967 sem sumir gagnrýnendur þúfu á en sagan og tíminn telji eitt helsta meistaraverk dægurtónlistarinnar. "The Beatles var nefnilega svo frjó hljómsveit að hún var langt á undan sinni samtíð, bæði í kvikmynda- og tónlistaheiminum." - segir pistlahöfundur dagblaðsins *Tímans* í umfjöllun sinni um myndina sem birtist í blaðinu 8 október 1978, skömmu áður en hún var tekin til sýningar á Íslandi.



Morgunblaðið þriðjudag 10 febrúar 1981

Í október 1978 er kvikmyndin *Let It Be* sýnd í Tónabíói í Reykjavík og endursýnd í sama bíói í febrúar 1981. Ekki mann ég hver áhrif sýningarinnar voru eða hvort hún vakti sérstök viðbrögð á þessum tíma. Enda svolítið um liðið frá því að hún fyrst kom út og Bítlarnir sjálfir hættir fyrir nokkrum árum og búnir að vera með eigin sólóferil í allmörg ár og sumir af þeim stofnað eigin hljómsveit og gefið út fjölda platna með henni - sem og undir eigin nafni. Samanber hljómsveitin "*Wings*" sem gaf út plötur frá árinu 1971 til 1979. "*Plastic Ono Band*" og John Lennon kominn með margar frábærar plötur. Einnig Ringo Starr og George Harrison. Þó þeir tveir færu hægar í útgáfuna. Og eru ekki Yoko Ono og *Plastic Ono Band* að spila í Glastonbury 29 júní 2014?

Paul McCartney er enn við sama steðja og áður og enn að gera söngva á meistaralegan hátt. 16 maí 2014 kom út vel heppnað nýtt lag frá honum: "*Appreciate*" - og vandað myndband.



Vísir 15 apríl 1978.

Bítlarnir á blóma tíma sínum aka í opinni bifreið frami fyrir fjölda manns.
En slíkt var ekki óalgengt hvar sem þeir komu.
Hvar þeir eru er ekki gott að segja.
Þó má gíska á Bandaríkin.

Hvenær höfundur fyrst sá Le It Be mann hann ekki lengur en hefur í nokkur skipti séð þessa kvikmynd og verður að viðurkenna að vekur honum alltaf svolitla depurð að horfa á. Einkum tekur ergelsið í sem kemur svo vel fram í henni og þessi aðskilnaður sem þarna er í uppsiglingu en var lengi vel ekki inn í myndinni en er nú byrjaður að stíga inn fyrir dyrnar og koma sér fyrir til langdvalar. Höfundur þekkir þetta úr eigin lífi hvernig góð og kærleiksrík vinátta fjarar út og við tekur það ástand að menn geti ekki lengur ræðst við eins og áður né heldur starfað saman þó samstarfið hafi í eina tíð verið prýðilegt. Og að endingu ganga menn hvor sína leið. Og raunar um fátt annað að ræða úr því sem komið er. Þetta er alltaf dapurlegt við að eiga og maður upplifir í þessari ágætu heimildarmynd um fólkið sem leiddi öfluga byltingu á sjöunda áratug seinustu aldar og gladdi marga með vinnu sinni. Og gera enn.

Höfundur mann eftir orðum Paul McCartney sem eitt sinn var spurður hvort mögulegt væri að Bítlarnir kæmu aftur saman. Hann svaraði eitthvað á þá leið og spurði á móti hvort ekki væri dapurlegt fyrir þá að láta til leiðast og fara út í þetta verk en komast að raun um að hvorki hann né John Lennon gætu lengur starfað saman. Sumt er einfaldlega búið. En þó ekki. Það lifir ferskt í minningunni og á Bítlaplötunum.

John Lennon lét og hafa eftir sér aðspurður er hasarinn og hrópin voru mikil vegna ákvörðunarinnar um að leggja hljómsveitina niður. Svar hans var einhverveginn svona: "Slakið á! Þetta er bara venjuleg rokkhljómsveit sem er hætt. Ekkert merkilegt. Kaupið bara gömlu plötturnar okkar og hlustið á þær. "

„Let It Be“ er fimmta og jafnframt síðasta bíómynd The Beatles. Hinar heita „A Hard Day's Night“ (1974), „Help“ (1965), „Magical Mystery Tour“ (1967) og „Yellow Submarine“. Auk þessara bíómynda voru gerðar þrjár sjónvarpskvikmyndir með The Beatles, „Around The Beatles“ (1964), „The Beatles At Shea Stadium“ (1966) og „Our World“ (1967).

Skoðum úrdrátt dagblaðsins Tímans frá 12 ágúst 1970: " Eftir að hafa séð þessa mynd, er maður ekki í neinum vafa um að Bítlarnir eru einhver frumlegasta og ferskasta hljómsveitin á markaðnum og þótt þeir hafi breyst skuggalega mikið síðan við sáum þá í Hjálp hérna um árið, þá er eins og maður hafi kynnst þeim eftir að hafa séð þessa mynd.

Í lok myndarinnar (þegar vegfarendur klappa fyrir síðasta Bítlaginu af þakinu) segir John: - Þökk fyrir áheyrnina - ég vona bara að við höfum komist í gegnum áheyrnarprófið. -

Það hafa þeir örugglega gert með þessari mynd - og vonandi verður þess ekki langt að bíða að hún verði sýnd á Íslandi. " - Sem samkvæmt heimildum höfundar varð ekki af fyrr heldur en 1978. Einnig sjáum við að viðbrögð við myndinni eru misjöfn. Eins og reyndar alltaf er.



HVER VERÐUR FRAMTÍÐ BÍTLANNA?

" Ringo Starr í alvarlegum umræðum við Heyley Mills kvikmyndastjörnu. Alþýðublaðið veltir framtíð The Beatles fyrir sér 11 september 1970. "



" John Lennon ásamt hinni Japönsku konu sinni. Myndin er tekin áður en hann lét klippa sig. Alþýðublaðið 11 september 1970. "

Takk fyrir mig.
Kveðja KRF.
Maí 2014.